



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701  
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi  
Erindi nr. 130/938  
komudagur 4. 2. 2004

Reykjavík, 2. febrúar 2004.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík

### Efni: **Frumvarp til laga um erfðafjárskatt**

Öryrkjabandalag Íslands hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um Erfðafjárskatt, þskj. 605 - 435. mál, lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Vakin skal athygli á að í frumvarpinu er ekki að finna heimild til að undanþiggja líknarfélög erfðafjárskatti. Samkvæmt lögum nr. 83/1984 er slík heimild fyrir hendi, samanber 4. gr. 2. mgr.:

Af arfi, sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga, skal engan erfðafjárskatt greiða, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 3. gr. Sama gildir um handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripa sé hlutum þessum ánafnað eða þeir gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Starf sem líknarfélög inna af hendi hefur sparað hinu opinbera stórfé á undanförunum árum og hefur verið undirstaða mikilla framfara á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Eru Íslendingar þekktir fyrir samstarf hins opinbera og líknar-samtaka sem hefur m.a. átt ríkan þátt í því að íslenska heilbrigðiskerfið er nú í fremstu röð. Víða um heim er erfðafé nokkur tekjulind fyrir líknarfélög og hér á landi hafa slíkar gjafir skipt sköpum fyrir starfsemi ýmissa félaga. Væntir Öryrkjabandalag Íslands þess að hæstvirt alþingi setji inn sérstök ákvæði sem tryggi óbreytt ástand.

Þá vekur athygli að svo virðist sem erfðafjárjóður verði lagður niður. Frá stofnun hans fram til ársloka 2000 var veitt fé úr erfðafjárjóði til ýmissa hagsmunamála fatlaðra. Með lögum um málefni þroskaheftra árið 1979 og síðar um málefni fatlaðra árið 1983 skyldi honum varið til framkvæmdasjóðs fatlaðra. Erfðafjárjóður var upphaflega stofnaður samkvæmt sænskri fyrirmynd. Í Svíþjóð hefur erfðafjárjóður staðið undir margs konar rannsóknnum og ýmsum framfaramálum í þágu fatlaðra.

Öryrkjabandalag Íslands skorar á Alþingi að skila málaflokki fatlaðra aftur erfðafjárjóði og leggur til að sett verði á fót sérstök nefnd til þess að gera tillögur um hlutverk sjóðsins.

Virðingarfyllt,

*Arnpór Helgason*

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri